

# Annað bóluefni veitir von

● Líftæknifyrirtækið Moderna segir bóluefni sitt sýna 94,5% virkni gegn kórónuveirunni ● Erfiðir mánuðir enn fram undan ● Boris Johnson kominn í einangrun

Stefán Gunnar Sveinsson  
sgs@mbl.is

Bandaríska líftæknifyrirtækið Moderna tilkynnti í gær að prófanir þess á bóluefni sínu gegn kórónuveirunni bentu til þess að það sýndi um 94,5% virkni gegn veirunni. Er þær frumniðurstöður byggðar á þriðja stigs prófunum á rúmlega 30.000 manns, en þetta er annað bóluefnið á undanförunum tveimur vikum sem sýnir mikla virkni gegn veirunni.

Markaðir bæði austan hafs og vestan tóku mikinn kipp við tíðindin, líkt og þeir gerðu þegar Pfizer og BioNTech kynntu í síðustu viku að bóluefni þess sýndi um 90% virkni gegn veirunni. Bæði bóluefnin byggjast á nýrri tækni, þar sem erfðaupplýsingar veirunnar, svo nefnt mRNA, eru nýttar til þess að láta frumur líkamans framleiða mót efni gegn veirunni.

Moderna hyggst sækja um leyfi fyrir bóluefninu innan bæði Bandaríkjanna og annars staðar á næstu vikum, og segir fyrirtækið að það geri ráð fyrir að um 20 milljón skammtar verði tilbúnir í Bandaríkjunum fyrir árslok, og að allt að einn milljarður skammta verði framleiddur á næsta ári.

Bóluefni Moderna þykir hafa þá kosti umfram bóluefni Pfizer/Bio-



AFP

**Bóluefni Þátttakandi í prófunum Moderna sést hér fá skammt af efninu.**

NTech, að það er auðveldara í geymslu og flutningi, en á móti kemur að það nýtir meira af erfðaupplýsingum veirunnar í hverjum skammti, sem þýðir að það hentar verr til fjöldaframleiðslu. Þá er um hvorugt bóluefnið vitað hversu lengi það veitir vörn gegn veirunni.

**Baráttunni ekki lokið enn**

Sérfræðingar í heilbrigðismálum vörðu þó við því að enn væru erfiðir mánuðir fram undan, þó að ljósið við enda ganganna væri vissulega bjart-

ara nú þegar fleiri en eitt bóluefni hefðu sýnt mikla virkni gegn kórónuveirunni.

„Bóluefni eitt og sér mun ekki binda enda á faraldurinn,“ sagði Tedros Adhanom Ghebreyesus, yfirmaður Alþjóðahæilbrigðisstofnunarinnar, WHO. Benti Tedros á að fyrst um sinn yrði bóluefni einungis aðgengilegt fyrir viðkvæma hópa og heilbrigðisstarfsfólk, og á þeim tíma myndi veiran enn hafa mikið svigrúm til að dreifa sér.

Í millitíðinni hafa mörg ríki, sér í

lagi í Evrópu, gripið til harðra sóttvarnaáðgerða til þess að reyna að stemma stigu við seinni bylgju heimsfaraldursins.

Stjórnvöld í Bretlandi greindu frá því í gær að Boris Johnson forsætisráðherra væri nú kominn í sóttkví, eftir að hann fundaði fyrir helgi með þingmanni Íhaldsflokksins sem reyndist svo smitaður. Sagði Johnson að hann myndi halda áfram að stjóra baráttu stjórnvalda gegn veirunni úr einangrun sinni í Downingstræti 10, og taldi sig ekki í mikilli hættu, þar sem hann væri að „springa úr mótefnum“, eftir að hafa veikst sjálfur í apríl síðastliðnum.

**Vill grímuskyldu í skólum**

Angela Merkel Þýskalandskanslari var í gær sögð vilja enn hertar aðgerðir ofan á þær sem tóku gildi í byrjun nóvembermánaðar, þar sem fjöldi nýrra tilfella í landinu væri enn of mikill. Vill Merkel meðal annars að grímuskylda verði tekin upp í öllum skólum, og að fólk hitti einungis annað fólk af einu öðru heimili utan skóla og vinnu.

Þá þykir staðan í Bandaríkjunum enn grafalvarleg, þar sem milljón ný tilfelli bættust við í síðustu viku. Hafa sérfræðingar varað við því að fólk haldi stóra þakkargjörðarhátíð, en hún á að vera í næstu viku.

**BANDARÍKIN**



AFP

**SpaceX Geimskotið þótti heppnast vel.**

## Fyrsta mannaða geimferðin í níu ár

Eldflaug bandaríska geimferðafyrirtækisins SpaceX tókst á loft í fyrrinótt frá Kennedy-geimstöðinni í Flórída, með fjóra geimfara innanborðs, þrjá frá Bandaríkjunum og einn frá Japan. Ferðinni er heitið til alþjóðlegru geimstöðvarinnar, og er þetta í fyrsta sinn í níu ár sem geimfarar á vegum bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA halda þangað frá bandarískri grund. Hefur stofnunin þurft að treysta á Rússa til þess að flytja geimfara sína um borð í stöðina í allan þann tíma. Talsmenn SpaceX og NASA lýstu yfir ánægju sinni með skotið, en gert er ráð fyrir að geimfararnir komist á áfangastað í nótt.



AFP

**Armenía** Friðarsamkomulaginu var mótmælt alla helgina í Jerevan.

## Ráðherra rekinn vegna mótmæla

● Friðarsamkomulaginu enn mótmælt

Nikol Pashinyan, forsætisráðherra Armeníu, ákvað í gær að reka Zohrab Mnatsakanyan, utanríkisráðherra landsins, vegna mótmælaöldu sem skeið hefur landið eftir að átökunum í Nagornó-Karabakh-heraði lauk í síðustu viku.

Stór hluti Armena lítur á friðarsamkomulag Armeníu og Aserbaidsjan í deilunni sem uppgjöf, þar sem það felur í sér að svæði sem Armenar náðu á sitt vald fyrir þrjátíu árum voru aftur færð undir yfirráð Asera.

Áfram var mótmælt gegn samkomulaginu á götum höfuðborgarinnar Jerevan í gær og kölluðu mótmælendur eftir því að Pashinyan segði af sér. Hröpuðu þeir „Nikol farðu“ og „Nikol svikari“. Stjórnarandstæðingurinn Eduard Sharmazanov ávarpaði mótmælafundinn og sagði að hver einasta klukkustund sem Pashinyan væri við völd væri ógn við þjóðaröryggi Armeníu.

Pashinyan sagði hins vegar í umræðum á þinginu að friðarsamkomulagið hefði verið eina leiðin út úr átökunum og það hefði tryggt að Nagornó-Karabak yrði áfram undir

sinni eigin stjórn, frekar en undir yfirráðum Aserbaidsjan.

**Tyrkir vilja vera með**

Samkvæmt skilmálum samkomulagsins munu Rússar taka að sér hlutverk friðargæslu í heraðinu til þess að koma í veg fyrir að átök brjótist út að nýju. Er gert ráð fyrir að um 2.000 rússneskir hermenn sinni því hlutverki næstu fimm árin. Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti tilkynnti hins vegar í gær að Tyrkir hygðust einnig taka þátt í að framfylgja friðarsamkomulaginu, og óskaði hann eftir formlegu leyfi tyrkneska þingsins til þess að senda herlið til Aserbaidsjan, sem muni aðstoða Rússa við að stjóra vopnahléinu.

Rússnesk stjórnvöld segja hins vegar að tyrkneskir hermenn muni ekki sinna friðargæsluhlutverki í Nagornó-Karabakh-heraði.

Þátttaka Tyrkja er ekki óumdeild í Armeníu, en þeir studdu rétt Asera til þess að endurheimta Nagornó-Karabak með valdi, og sökuðu vestræn ríki þá um að hafa sent sýrlenska vígamenn til átakasvæðanna.

## Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. nóvember 2020, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2020 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. nóvember 2020, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oliugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknastrjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launa-kostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tejkuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálfyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. nóvember 2020.

Ríkisskattstjóri  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi  
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi  
Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum